

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1965

Nr. 8.

4

17. marz 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar“ í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. marz 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Nr. 9.

25. marz 1965.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „kr. 3.00“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 4.00.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Einum fjórða hluta af fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en $\frac{3}{4}$ hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1965.

Gjört í Reykjavík, 25. marz 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.